

# HELMIR



IV. úrgangur

WINNIPEG, 1908.

10. blað.

## ÚTI.

Þegar sólin heitum hellir  
haddi nið'r um fell og grundir,  
fuglar syngja, en ljósar lindur  
leika' á silfurstrengi undir- --

Sumri hallar, sólrás lækkar,  
svipir fjölga, skuggar lengjast,  
stjörnur, tungl og hríngað  
hauður  
huldum vinaböndum tengjast.

Út eg stekk með sól í sinni,  
syng með fuglum, renn með  
lindum,  
æskudrauma sæði sái,  
safna' á vonarakri bindum.

Svalur gustur hlær við hlustir,  
hans í bylgjum mig eg lauga,--  
en í rökkurbrigðum berst mér  
bros frá hýru stjörnu auga.

Aldrei dýrri átti' eg drauma,  
aldrei styttri leið til skýja.  
Aldrei fannst mér fegra lífið,--  
fegri vonarstjarnan nýja.

VÍÐAR.

